

Bland í poka

Þetta hefti *Ritsins* er óvenjulegt fyrir þær sakir að það er þemalaust en í fyrsta skipti í sögu tímaritsins var ákveðið að hafa opið hefti. Viðbrögðin létu ekki á sér standa eins og sést á því að hér birtast tíu fjölbreyttar greinar á sviði hugvísinda. Fyrsta grein heftisins er reyndar þverfagleg en þar fjalla Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Jón Karl Helgason og Hafsteinn Þór Hauksson um þverfaglegar rannsóknir á sambandi laga og bókmennta. Þau taka einkum til skoðunar skáldsögunna *Svartfugl* eftir Gunnar Gunnarsson og draga fram hvernig nýta megi verkið sem lesefni í laganámi. Í skrifum sínum setja þau skáldverk Gunnars í samband við ýmsar réttarheimspekilegar og stjórnspekilegar hugmyndir sem og sígildar áskoranir réttarkerfisins við leitina að þeim sannleika sem telst hafinn yfir skynsamlegan vafa. Þá ræða höfundarnir söguna jafnframt í ljósi valdgreiningarhugmynda, stöðu matsmanna og þýðingar matsgerða og kenninga af meiði amerískrar raunsæishyggu í lögfræði um staðreyndar- og regluefa.

Marteinn Sindri Jónsson og Davíð G. Kristinsson skoða gagnrýni valinna listamanna á stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda við síðustu aldamót í greininni „Andóf og innlimun“. Við greiningu sína styðjast þeir við kenningu frönsku félagsfræðinganna Lucs Boltanski og Ève Chiapello um gagnrýni listamannsins á kapítalismann en að auki ræða þeir skörun gagnrýni listamannsins, vistrænnar gagnrýni, auðgunarhagkerfisins og náttúruhverfrar þjóðernishyggu. Marteinn Sindri og Davíð skoða sérstaklega verk listamannanna Andra Snæs Magnasonar, Óskar Vilhjálmssdóttur og Ástu Arnardóttur, Rúríar, Hörpu Arnardóttur og hóps umhverfissinna, Ólafs Ólafssonar og Libiu Castro, Bjarkar og Sigur Rósar og draga fram hvernig gagnrýni þeirra á tilteknar birtingarmyndir hnattvædds kapítalisma hafi það sérkenni að renna saman við náttúruhverfa þjóðernishyggu.



Ritið

3. tbl. 25. árg. 2025 (1-4)

© 2025 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.25.3.1
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

Í þriðju greininni, „„Það er sjálfbærni í þessu öllu““, fjalla Bergsveinn Þórs-son og Njörður Sigurjónsson um hvernig fjórar íslenskar menningarstofnanir – Ríkisútvarpið, Harpa, Listahátíð í Reykjavík og Kvikmyndamiðstöð Íslands – hafa mótað og innleitt umhverfis- og sjálfbærnistefnur í starfsemi sinni. Skrif þeirra byggjast á greiningu stefnuskjala og viðtölum við lykilstarfsmenn auk þess sem þeir rýna í samspil mælanlegra aðgerða, opinberra forskrifta og faglegra gilda menningarstofnana. Í greiningunni eru kenningar um einsmótun (e. *institutional isomorphism*) og virðisveldi (e. *economies of worth*) notaðar til að sýna hvernig umhverfisstefnur menningarstofnana taka á sig mynd í samþættingu mismunandi réttlætinga og virðisheima. Niðurstöður Bergsveins og Njarðar sýna að þótt opinberar kröfur um sjálfbærni hafi mótandi áhrif, eru stefnur og aðgerðir menningarstofnana jafnframt afurð samninga milli ólíkra gilda, þar sem listræn sýn, samfélagsleg ábyrgð og samkeppnissjónarmið takast á og renna saman á mismunandi hátt.

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir ræðir hættulega málfarsumræðu í fjórðu grein heftisins. Undanfarna áratugi hefur málfarsumræðan í miklum mæli tekið sér bólfestu í athugasemdakerfum fréttamiðla og á samfélagsmiðlum eins og Ingunn bendir á en þar snýst hún oft um skilgreiningar málhafa á „réttu“ og „röngu“ máli og getur stundum verið neikvæð og jafnvel fordómafull. Í greininni fjallar Ingunn um mörk málfarsumræðu og hatursorðræðu og það sem gerist þegar mengi þeirra skarast. Í því skyni kynnir hún niðurstöður rannsóknar sinnar á eitradri málfarsumræðu íslenskra málhafa á samfélagsmiðlum á árunum 2014–2022 og dregur fram hvernig neikvæð og ofbeldisfull málfarsumræða skapar vettvang fyrir útbreiðslu fordóma og hatursorðræðu sem ógnar öryggi þeirra jaðarsettu hópa sem hún beinist gegn.

Í fimmtu grein heftisins gera Sigríður Ólafsdóttir og Berglind Hulda Theodórsdóttir grein fyrir niðurstöðum könnunar á viðhorfum nemenda og reynslu af samræðum og ritun sem og þróun ritunarfærni þeirra yfir eitt skólaár. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 73 nemendur í 7. bekk. 33 þeirra voru nemendur tveggja kennara sem tóku þátt í starfsþróunarnámskeiði Menntafléttunnar, Byggjum á forvitni og áhuga nemenda: Aukin tækifæri til virkrar málnotkunar, og 40 nemendur tveggja kennara sem ekki sóttu námskeiðið. Niðurstöður leiddu í ljós að munur var á milli hópanna; fyrrnefndi hópurinn tók framförum á rannsóknartímanum í ritun meðal annars með hliðsjón af gæði ritunar, heildarfjölda orða og fjölda námsorða en lækkun varð á öllum þessum þáttum hjá hinum hópnum. Munurinn á framförum barnanna gæti skýrst af því að þau sem voru í fyrrnefnda hópnum komu sterkari til leiks en líka af því að kennarar þeirra fengu á námskeiðinu fræðslu um gagnreyndar kennsluáðferðir með samræðum

og ritun, sem leið til eflingar lesskilnings, sem ætlunin var að kennararnir innleiddu í skólastarfið jafnóðum.

Jón Ásgeir Kalmannsson fjallar um merkingu þess að verða „eins og barn“ eða verða „barn í annað sinn“ í samhengi við hugmyndir um mannlegan þroska. Í því skyni ræðir hann þrjú þemu – auðmýkt, undrun og leik – sem hafa verið tengd æskunni og því að fullorðnast. Einkum staldrar hann þó við undrunina, það er við þýðingu hins barnslega einfalda innsæis í undur tilvistarinnar fyrir þroskaðan og vakandi skilning á lífinu. Þá ræðir Jón Ásgeir sérstaklega um nán tengsl leiksins við mannlegt frelsi og fjálsta virkni á borð við hugleiðingu og helgisíði, sem sumir heimspekingar hafa álitid að sé það besta sem mannlífið hefur upp á að bjóða. Undir lok greinarinnar vikur hann síðan að vísbendingum um að ýmislegt í þróun nútímasamfélags grafi undan barnæskunni með hliðsjón af fyrrnefndum þemum sem rædd eru í greininni.

Í heftinu birtast þrjár greinar á sviði kvikmyndafræða en þar ber fyrst að nefna skrif Björns Þórs Vilhjálmssonar um áhrif streymisveita á hvernig kvikmyndum er dreift í heiminum. Eins og Björn Þór bendir á hefur kvikmyndin að mestu verið skilin frá hefðbundinni efnislegru birtingarmynd sinni hvort sem átt er við vídjóspólur, blágeisladiska eða filmuspólur. Í greininni skoðar hann afleidd áhrif þessarar þróunar, sérstaklega dreifingar- og aðgengismál. Þá kynnir hann til sögunnar tvenns konar afstöðustillingarvandamál í þessu sambandi en þeim er ætlað að afmarka svið hins nýja tækniumhverfis sem fela í sér annamarka þegar kemur að kvikmyndaadgengi og miðlun kvikmyndasögunnar. Fyrrnefnda vandamálið tengist fákeppnisstöðu ríkjandi streymisveitna og hið síðarnefnda tengist menningarmiðlunargildum en saman sýna þau vandasama stöðu neytandans andspænis fyrirtækjunum sem mest eru áberandi á vettvangi kvikmynda-dreifingar og miðlunar. Greininni lýkur Björn Þór með vangaveltu um stöðu íslenska kvikmyndaarfsins.

Eyrún Lóa Eiríksdóttir gerir hina vinsælu sjónvarpsþáttaseríu *The Crown* að viðfangsefni sínu í greininni „Já, ég er drottning en ég er líka kona... og eigin-kona!“. Hún ræðir sérstaklega birtingarmynd Elísabetar II sem sögupersónu í þáttunum og gerir tilraun til að bera kennsl á þá undirliggjandi póstheminísku þræði sem eru ráðandi í persónusköpun hennar og færir rök fyrir því hvernig þessar áherslur endurspeglar nútímakröfur til kvenna; til dæmis með hliðsjón af atvinnuþátttöku, ástarlífi og barnauppleði. Eyrún Lóa notast við orðræðugreiningu þegar hún setur persónusköpun Elísabetar í samband við skrif Peter Morgan og Robert Lacey en sá fyrrnefndi hefur lýst þáttunum sem „sögulegum sannleik“ þótt persónusköpun drottningarinnar halli sér fremur að speglun á nútímaveruleika kvenna þar sem einblínt er á útlitslegar takmarkanir og ástarlíf

valdamikillar konu sem um leið smættar hana og sögulega merkingu embættis hennar.

Þáttaröðin *Black Mirror* er til umræðu í grein Helgu Jónsdóttur, „Ögun augans“, en þar beinir hún einkum sjónum að þættinum „Nosedive“ þar sem gefur að líta framandi náframtíð sem þó hefur beinar skírskotanir í veruleika áhorfandans og tæknið hverfi liðandi stundar. Eins og Helga dregur fram eru þar einkenni skjásamfélags 21. aldar ýkt því ekki er nóg með að allir gangi um með snjallsíma heldur hefur tæknilegri linsu auk þess verið komið fyrir í augum þeirra. Samfélagsstaða fólks og réttindi í söguheiminum ráðast af einkunn þess á samfélagsmiðli sem öllum ber að nota en áhyggjur af lágrí stigagjöf leiða til þráhyggjukenndrar hegðunar og vélrænna samskipta. Líkt og Helga ræðir birtist ákveðinn samfélagslegur kvíði í þættinum sem beinist að tæknið hverfi samtímans. Sá ótti kallast á við fræðiskrif um tengsl tækni, samfélags og síðkapítalísma en með því að skoða þáttinn í fræðilegu ljósi gerir Helga tilraun til að öðlast dýpri skilning á því hvernig hann er tilkominn og hvernig hann endurspeglar veruleika áhorfandans.

Heftinu lýkur með grein Helgu Kress um skáldskap Drífu Viðar. Þegar skáldkonan lést árið 1971 lét hún eftir sig skáldsöguna *Fjalldalslílu* (1967) og handrit að smásagnasafninu *Dagar við vatnið* sem kom út síðla árs 1971 en eins og Helga bendir á er um kvennabókmenntir „par excellence“ að ræða. Sögurnar eru enda gjarnan sagðar frá sjónarhorni konu sem oft er einnig sögumaður. Í skáldsögunni og nokkrum smásagnanna er hún auk þess listakona og/eða rithöfundur sem er að skrifa söguna, ýmist sem endurminningu eða meðan hún er að gerast. Helga skoðar sjálfsmýndir í þessum sögum en beinir jafnframt sjónum að viðtökum verkanna og áhrifum Drífu á aðra listamenn.

Málverkið sem prýðir kápu *Ritsins* að þessu sinni er eftir Kristínu Ómarsdóttur.